

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1964.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Hildar Ólafsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hildar Ólafsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Hildi Ólafsdóttur, sem fæddist 3. apríl 1949 og dó af slysförum í Kópavogi 24. janúar 1963.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 55760.00, sem safnað var meðal skólasystkina Hildar, skátafélaga, ættmenna, vina og annarra velunnara.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla tónlistarlíf við Kópavogskirkju með því að greiða fyrir kaupum á orgeli til kirkjunnar og með því að styrkja tónleikahald í kirkjunni.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal lána til kaupa á pípuorgeli fyrir Kópavogskirkju að svo miklu leyti og svo lengi, sem safnaðarstjórn óskar, og gegn þeim vöxtum, sem um semst milli safnaðarstjórnar og sjóðsstjórnar. Að öðru leyti ákveður sjóðsstjórn, hvernig sjóðurinn skuli ávaxtaður.

6. gr.

Vöxtum má verja eftir því, sem sjóðsstjórn þykir hæfilegt, til þess að styrkja tónleika í Kópavogskirkju.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Kópavogsprestakalls, formaður safnaðarstjórnar og organisti kirkjunnar.

Stjóðstjórnin skiptir með sér verkum.

8. gr.

Sjóðsstjórnin skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, fundar- samþykktir og annað er varðar sjóðinn. Enn fremur skal stjórnin halda bók yfir eigur sjóðsins, tekjur og gjöld. Gjafir til sjóðsins skal stjórnin láta skrá í sérstaka bók.

Stjórnin leggur árlega endurskoðaðan reikning stjóðsins fyrir aðalsafnaðarfund til staðfestingar.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar og samþykkt safnaðarfundar. Meðan foreldrar Hildar eða systkini eru á lífi, þarf samþykki allra þeirra til breytingar á skipulagsskránni.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Kópavogi, 31. janúar 1964.

Margrét Ólafsdóttir. Ólafur Jensson.